

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 20. september 2021  
UST202103-079/G.S.Á.  
08.06.02

**Varðar þykktarmælingar á geymi nr. 13 (600.13.00) í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Akureyri**

Umhverfisstofnun bárust þann 9. september sl. þykktarmælingar á geymi í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Akureyri. Geymirinn er nr. T2017, / nr. 13 (600.13.00). Geymirinn er 14 rúmmetrar að stærð, frá árinu 2011 og er staðsettur í mengunarvarnaþró félagsins í Krossanesi.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli Arnar Guðmundsson og Andre Sandö hjá NDT ehf., þann 31. ágúst 2021. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymir lítur vel út að utanverðu og þykktir eru allar í kringum 6 mm. Vakin er athygli á því að á forsíðu skýrslunnar hefur misritast staðsetning mælingarinnar en staðurinn er tilgreindur sem Vestmannaeyjar. Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. nr. 2154 um prófanir á geyminum.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.  
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri